



Fundargerð 194. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 20. mars 2025, kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður, Einar Sveinn Kristjánsson og Ingi Bogi Hrafnsson Gunnar Sigurðsson, og Kristmundur Skarphéðinsson

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson, Sigurður Gunnar Benediktsson og Valbjörn Höskuldsson

Fjarverandi: Tinna Magnúsdóttir og Helgi Már Sigurgeirsson

Dagskrá :

1. Yfirferð og undirritun ársreikninga VM

Formaður setti fundinn og bauð Ásbjörn Björnsson endurskoðanda velkominn. Ásbjörn hóf svo yfirlesturinn, við erum að ljúka endurskoðun ársins 2024 og munum líkt og áður árita ársreikninginn án fyrirvara og með því álitum að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins, efnahag þess í árslok og breytingar á handbæru fé í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn samanstendur af áritun endurskoðanda, áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi, skýringum og sundurliðunum og rekstrarreikningum undirsjóða félagsins.

Rekstrarreikningur bls. 4 tekjur félagsins á árinu eru 840 milljónir samanborið við 811 árið 2023. Aðrar tekjur eru að stærstum hluta söluhagnaður af Akralindinni. Rekstrargjöld eru rúmlega 860 milljónir á móti rúmlega 820 árið áður. Laun og launatengd gjöld eru rúmar 162 milljónir miðað við rúmar 143 milljónir árið 2023, inn í liðnum er líka hlutdeild í launakostnaði 2F. Rekstrartap er því 21 milljón miðað við 10 milljónir árið áður, niðurstaða ársins er jákvæð um rúma 40 milljónir á móti tæplega 20 milljónum árið 2023.

Efnahagsreikningur. Fastafjármunir eru 2.616 milljónir og veltufjármunir 235 milljónir og heildareignir eru 2.852 milljónir á móti 2.791 milljónum árið áður. Eigið fé: Félagið er skuldlítið, þannig að framkvæmdir eru að mestu framkvæmdar fyrir eigið fé. Allir sjóðir er með jákvæðan höfuðstól nema orlofsjóður. Sjóðstreym, þar má sjá að reksturinn er að taka til sín 30 milljónir, fjárfestingahreyfingar nettó upp á rúmar 20 milljónir því er lækkun á handbæru fé. í varanlegum tekið fé úr fjárvörslunni til að fjármagna framkvæmdir. Bls. 9 skýring 3 varanlegir rekstrarfjármunir viðbætur 166 milljónir og það er fjármagnað með því að taka út úr fjárvörslunni.

Ávöxtun ársins skipt á milli sjóða. Síðan fór hann yfir reikninga allra sjóða. Allir sjóðir með jákvæða niðurstöðu nema orlofs og fræðslusjóður. Samkvæmt reglugerð fræðslusjóðs skal höfuðstóll sjóðsins ekki fara undir 60 milljónir að raunvirði miðað við apríl 2012 en það

samsvarar 97,4 milljónum þannig að við erum komin aðeins undir en gripið hefur verið til aðgerða til að snúa því við. Vinnudeilu- og verkannssjóður, þar skal höfuðstóll ekki fara undir 300 milljónir miðað við launavísitölu í apríl 2017, sem samsvara 531,1 milljón á verðlagi í árslok og því þarf félagssjóður að leggja til fé til að uppfylla þau skilyrði. Hjá Akki má höfuðstóll ekki fara undir 145,8 milljónir sem samsvarar 282,2 milljónum uppreiknað miðað við neysluverðsvísitölu í árslok 2024 þannig að það er ekki mikið svigrúm þar til styrkveitinga. Stjórnarmönnum var síðan boðið upp á spurningar og urðu nokkrar umræður.

2. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 193

Fundargerð samþykkt og send til rafrænnar undirritunar.

3. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Stéttarfélag sjómanna áttu árlegan fund með SFS um nýsmíðaálag, þetta hefur hingað til gengið mjög vel en nú kom upp villa í flokki togara yfir 42 m sem þurfti að leiðrétta en í plús fyrir mennina sem betur fer.

Þá voru haldnir nokkrir fundir hjá Fiskifélaginu að lokum aðalfundi þar sem öll stjórnin var endurkjörin, stefna að því að loka félaginu á árinu. Formaður býst við að peningarnir sem til eru verði látnir renna til Slysavarnaskóla sjómanna.

Þá voru þessir reglubundnu fundir á þessum árstíma, stjórnarfundir Gildis þar verður fulltrúaráðsfundur 1. apríl í fjarfundi og aðalfundur 10. apríl, hjá Birtu verður kjörfundur 9. apríl

Við héldum opinn fund um ASÍ hér í húsi 11. mars. Það voru vonbrigði hversu fáir mættu þar. Í kjölfarið á fundinum var send út könnun. Formaður sýndi niðurstöðu könnunarinnar. 18,9% mjög ánægðir, frekar ánægðir 23,3% hvorki/né 31,2%, frekar óánægðir 7,3%, mjög óánægðir 14,5% og þeir sem vildu ekki svara 4,7%, ef við tókum jákvæða á móti neikvæðum þá eru 69% sem vilja vera. Þátttakan var ekki góð því miður en niðurstöður afgerandi. Á síðasta fundi var verið að ræða hvort það þyrfti að vera allsherjar atkvæðagreiðsla og ef það ætti að ganga út þá þyrfti 2/3 hluti að samþykkja. 370 tóku þátt í könnunni. Miðað við þessa niðurstöðu þá sér formaður ekki ástæðu til að fara í atkvæðagreiðslu en bent var á að það þarf að kynna þetta fyrir fundinum og fundurinn að taka ákvörðun.

Við gerðum líka könnun um fagfélögin og formaður fór yfir hana. Þar kom í ljós að 23,3% eru mjög ánægð með Fagfélögin 27,8% frekar ánægð og 31,5% hvorki né. Svo voru 4,7% frekar óánægð með Fagfélögin, 8,5% mjög óánægð og 4,1% vildu ekki svara.

4. Dagskrá Aðalfundar

Formaður fór yfir dagskrá aðalfundar.

Á aðalfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár.
2. Staðfesting ársreiknings félagsins og sjóða.
3. Kynning rekstraráætlunar félagsins vegna yfirstandandi rekstrarárs. Hefur aldrei verið áður, erum að vinna fjárhagsáætlunina til að sýna á fundinum.
4. Kosning löggilts endurskoðanda. Samþykkt að stinga upp á Ásbirni hjá Deloitte áfram.
5. Ákvörðun stjórnarlauna. Tillaga að stjórnarlaunum, samþykkt að leggja þetta fyrir aðalfund.
Reglugerðarbreyting á sjúkrasjóði, styrkur til foreldra sem missa börn undir 18 ára.
6. Kosning kjörstjórnar. Formaður stingur upp á sömu og síðast. Samþykkt
7. Kosning uppstillingarnefndar. Formaður fer í að finna menn í nefndina.
8. Önnur mál.

5. Styrkbeiðnir

- Beiðni barst frá Dalvík um styrk til að halda sjómannadaginn, kr. 500.000. ef ekki þá frjálst framlag. Beiðninni var hafnað en ef þeir gefa út blað þá erum við tilbúin að kaupa auglýsingu í því.
- Skrúfudagurinn, höfum greitt fyrir kaffi, auglýsingu á peysu og auglýsingu í blaðið þeirra og dreifingu á blaðinu. Samþykkt.
- Mín framtíð, Verkiðn Íslandsmót Iðngreina.

6. Ráð og nefndir

tekið undir dagskrá aðalfundar

7. Heiðranir

Rætt var um hvort heiðra ætti einhvern á fundinum og var ákveðið að gera það ekki að þessu sinni.

8. Lagt fram til upplýsingar

- Mín framtíð

9. Önnur mál

- Bent var á að það hafi gleymst að fara yfir orlofskönnunina og því var kippt í liðinn. Spurt var um gæludýrahald. 49% svarenda myndu fagna fjölgun gæludýrahúsa. Spurt var um hvað mönnum fyndist um framboð orlofshúsa, flestir sátir. Þá var spurt, hvar finnst þér vanta fleiri kosti? Þarna voru Vestfirðir og Akureyri vinsælast. Svo var spurt, hversu mikilvægt finnst þér að VM bjóði upp á orlofskost erlendis? Meirihluti var á því. Spánn og Tenerife var vinsælast, en þar á eftir Danmörk og Ítalía. Spurt var um stórt hús fyrir stóra hópa, menn frekar ósammála og flestir hvorki né. Og svo voru fleiri spurningar en könnunin er undir stjórnarfundinum
Formanni fannst þetta mjög jákvæð könnun og orlofsnefndin fer í að vinna úr þessu.

Fundi slitið: 12: 40

Fundarritari: Áslaug R. Stefánsdóttir